

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum
nr. 359 26. nóvember 1974, með síðari breytingum.**

3. gr. breytist þannig:

Tölul. 1 Í stað orðanna: „68 000 sekl.“ komi: 82 000 sekl.

Tölul. 2 Fasteignagjöld:

a. Í stað orðanna: „kr. 76.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 92.00 pr. rúmm. á ári.

b. Í stað orðanna: „kr. 52.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 60.00 pr. rúmm. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 438.

24. september 1975.

GJALDSKRÁ**fyrir Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.****I. RAFORKA**

Rafveiturnar selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Notkun til búreksturs, heimilisþarfa o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	kr. 40 000.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW	— 6 000.00 á kW. á ári
Orkugjald af allri notkun	— 1.30 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	— 8.00 á kWst.

B. Vélanotkun, til skóla, radiostöðva, samkomuhúsa o. fl.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald	kr. 15 000.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	— 4.60 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	— 10.00 á kWst.